


Þessar leiðbeiningar gilda fyrir öll KENDA tannhreinsitæki sem eru notuð til viðgerða og forvarna.

Einnota hreinsitæki eru merkt með  og þau má ekki nota oftar en einu sinni, þar sem það skapar óþarfa áhættu fyrir sjúkling og starfsmenn.

Samsetning: Hreinsitækin eru gerð úr gervi/slíkon-gúmmíi, litarefni og svarfefni. Skaftið er gert úr ryðfríu stáli eða læknplastí.

Tilvísun: KENDA tannhreinsitæki eru notuð til að hreinsa mismunandi efni, sem tilgreind eru á umbúðum.

Frávísun: Ef vitað er til þess að sjúklingur hafi ofnæmi fyrir einhverju ofangreindra efna, ætti ekki að nota hreinsitækin.

Hliðarverkanir: Ekki þekktar til þessa.

Almennar öryggisráðstafanir:



Ekki nota á meira en hámarkshraða



Notið öndunargrímu



Notið öryggisgleraugu



Notið vatnsúða, minnst 50 ml/mín

Varúðarráðstafanir:

- Tækin má eingöngu nota á tilgreindu sérsviði.
- Kannið hvort hreinsitækið sé tengt með öruggum hætti fyrir notkun og prófið það.
- Notið eingöngu sköft sem eru í lagi og fjarlægjið öll hreinsitæki sem eru skemmd, beygluð eða tæki sem standa á sér.
- Varist að beita of miklum þrýstingi sem getur valdið því að hreinsitækið hallist, beygist eða standi á sér.
- Ónæg vatnskæling getur valdið óafturkræfum skaða á tönn og nærliggjandi svæði.
- Röng sóttgreiningarefni og/eða of langur sóttgreiningartími getur gegnvætt hreinsitækið og valdið upplitun. Gangið því úr skugga um að sóttgreiningarefnið sé samþykkt og hæfi hreinsitækjum, notið ekki sóttgreiningarefni sem innihalda aldehyð og fylgið leiðbeiningum framleiðanda vörunnar um styrk upplausnar og viðbragðstíma. Gangið úr skugga um að ferlið hafi tilætluð áhrif.
- Hafið lotunúmer hreinsitækjanna ávallt tiltæk svo hægt sé að tryggja rekjanleika.

Geymsla: Mælt er með þurri, rykfríri geymslu við 2-28° C (36-82° F) Röng geymsluskilyrði geta stýtt endingartíma vörunnar og valdið bilunum.

Leiðbeiningar um hreinlæti: Vinsamlegast athugið bakhlíð þessarar blaðsíðu til að fá nákvæmar leiðbeiningar um hreinlæti.

alb version shqiptar
 ara النسخة العربية
 bul българска версия
 chi 中國版
 cze Česká verze
 dan danske version
 dut Nederlandse
 eng english version
 est Eesti versioon
 fin Suomalainen versio
 fre Version française
 ger deutsche Version
 gre Ελληνική έκδοση
 heb גרסה עברית
 hrv hrvatska verzija
 hun magyar változat
 ice Íslensk útgáfa
 ita Versione italiana


ind Bahasa Indonesia versi
 jpn 日本語版
 kor 한국어 버전
 lav Latviešu valodā
 lit Lietuviška versija
 mac македонска верзија
 nor Norsk versjon
 per نسخه فارسی
 pol Polska wersja
 por Versão em português
 rum Versiunea romana
 rus Русская версия
 slo slovenská verzia
 slv slovenska različica
 spa Versión en español
 swe Svensk version
 tur Türkçe versiyonu
 ukr Українська версія



QR-Code
<http://knd.li/ins>

Þessar leiðbeiningar um hreinlæti gilda um öll KENDA tannhreinisæki sem nota skal á sjúklinga í stól.

VIÐVÖRUN:

KENDA hreinisæki eru ekki afgreidd sótthreinsuð og því þarf að sótthreinsa þau fyrir notkun. **Einnota hreinisæki (merkt með ) eru ekki ætluð til endurtekinnar notkunar, heldur skulu vera sótthreinsuð fyrir notkun og notuð aðeins einu sinni.**

Við meðhöndlun allra hreinisækja skal ávallt nota hlífðarfatnað, hlífðarvettlinga og hlífðargleraugu.

Baðið ekki í sótthreinsunarlausn fyrir málmefni.

Takmarkanir á endurnýtingu Endingartími hreinisækisins ákvarðast af notkun og sliti þess. Endurtekin notkun hefur minniháttar áhrif á þessi verkfæri.

Tilgangur meðhöndlunar: Tæki er hreinsað með einnota dúk til að fjarlægja yfirborðssýkingu strax eftir að tæki hefur verið notað á sjúkling og síðan sett í lokað ílát.

Geymsla og flutningar: Hreinisæki skal flytja strax í lokuðum áhaldabakka á notkunarstað. Hreinsið og sótthreinsið umsvifalaust.

Hreinsun og sótthreinsun: Meðhöndlið annað hvort í vél (ráðlagt) eða í höndunum.

a. Meðhöndlun í vél:

1. Hreinsið vel í rennandi vatni.
2. Setjið hreinisæki í þvottavél/sótthreinsivél (WD) og gangið úr skugga um að þau snerti ekki hvert annað.
3. Notið viðeigandi þvottaefni (aldehyð-frítt), samkvæmt leiðbeiningum og merkingum framleiðanda sótthreinsivélar.
4. Setjið viðeigandi stillingu af stað: þvott og sótthreinsun.
5. Þegar sótthreinsivélin hefur lokið sér af á viðeigandi stillingu, takið þá hreinisækinn út úr vélinni og þurrkið þau, helst með hreinu samþjöppuðu lofti.
6. Kannið ástand tækjanna með skoðun í gegnum stækkunargler með 6-faldri stækkun. Ef óhreinindi finnast við skoðun skal endurtaka ferlið.
7. Ef þvottur fer einungis þvottur fram í vél (ef sótthreinsunaraðferðin er ekki sannreynd) skal sótthreinsa í gufusótthreinsivél (ópakkað) í þartilgerðum grindum eða bökkum.
8. Skjalfest staðfesting á rétttri meðhöndlun er nauðsynleg fyrir endurnýtingu eða geymslu.
9. Þurr, rykfrí geymsla við 2-28° C (36-82° F) er ráðlögð.

b. Meðferð í höndum:

1. Hreinsið vel í rennandi vatni. Notið nælonbursta ef nauðsyn krefur. ATH.: Notaði viðeigandi bursta til að þrifa erfiðar holur.
2. Þvottur og sótthreinsun í viðeigandi efnalausn (aldehyð-fríri) í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda. Leggið hreinisæki í lausnina. Gangið úr skugga um að hreinisæki sé laus við loftbólur.
3. Takið tímann frá því að síðasta hreinisækið er lagt í lausnina og látið liggja eins lengi og framleiðandi lausnarinnar tilgreinir í leiðbeiningum.
4. Þegar sótthreinsunartíminn er liðinn, skrúbbið hreinisæki með nóg af afjönuðu vatni.
5. Þurrkið staðbundinn raka helst með hreinu samþjöppuðu lofti.
6. Kannið ástand tækjanna með skoðun í gegnum stækkunargler með 6-faldri stækkun. Ef óhreinindi finnast við skoðun skal endurtaka ferlið.
7. Ef sótthreinsunaraðferðin er ekki sannreynd skal sótthreinsa (ópakkað) í gufusótthreinsivél í þartilgerðum grindum eða bökkum.
8. Skjalfest staðfesting á rétttri meðhöndlun er nauðsynleg fyrir endurnýtingu eða geymslu.
9. Þurr, rykfrí geymsla við 2-28° C (36-82° F) er ráðlögð.

Sótthreinsun: Rök hitasótthreinsun með þrepaskiptu forlofttæmi. Heill hringur, 134° C (273° F) / 3,1 bar í að minnsta kosti 5 mínútur, þurrkunartími 10 mínútur. Farið ekki upp yfir 135° C (275° F).



MIKILVÆGT: Notið viðeigandi umbúðir við sótthreinsun.

Viðvörðun: KENDA tannhreinisæki ætti ekki að sótthreinsa með heitu lofti eða sótthreinsunarefnum.

Þessi aðferð var sannpröfuð af sjálfstæðri og viðurkenndri rannsóknarstofu.

Aðrar upplýsingar: Þegar mörg tæki eru sótthreinsuð í einni þrýstisúðu skal ganga úr skugga um að ekki sé farið fram úr hámarksnýtingu sótthreinsibúnaðarans skv. leiðbeiningum um notkun hans.

Upplýsingar um framleiðanda:



KENDA AAG
Kanalstrasse 18
LI-9490 Vaduz, Liechtenstein

Dagsetning: 11/2013; 2. útg.

Upplýsingarnar sem veittar eru hér að ofan hafa verið samþykktar af framleiðanda lækningatækisins sem nægilegar til að KENDA tannhreinisæki geti verið endurnýtt.

Efnið hefur verið lagað sérstaklega að notkun við tannlækningar. Ferli ættu að vera í fullu samræmi við leiðbeiningar um hreinlæti. Skaðabótaskylda verður ekki viðurkennd vegna tjóns sem hlýst af því að fylgja ekki leiðbeiningum eða því á hvaða sviði tækin eru ætluð til notkunar. Notandi er ábyrgur fyrir því að prófa tækin til að kanna hvort þau geti nýst í öðrum tilgangi en þeim sem sérstaklega er tilgreindur í leiðbeiningum. Lýsingar og gögn um eiginleika tækjanna eru ekki bindandi og í þeim felast engir skilmálar um ábyrgð.

Geymist þar sem börn ná ekki til.

Aðeins til notkunar við tannlækningar.

Rx only.

